

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um stjórnsýslubreytingar vegna mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu.

Frá Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni.

Hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á íslensku stjórnkerfi áður en Ísland getur orðið aðili að Evrópusambandinu? Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi liði:

- a. hvaða stofnunum eða skipulagsheildum er nauðsynlegt að koma á fót,
- b. hver er áætlaður kostnaður við þá framkvæmd,
- c. hvað er áætlað að framangreindar breytingar kalli á mörg viðbótarársverk í stjórnkerfinu?